

Sumartónleikar
í
Listasafni Sigurjóns Ólafssonar

Ingibjörg Guðlaugsdóttir
básúna

Þorsteinn Gauti Sigurðsson
píanó

Kaffistofa safnsins er opin að tónleikum loknum
The cafeteria is open after the concert

Þriðjudaginn 10. júlí 2001 kl. 20:30

Ingibjörg Guðlaugsdóttir stundaði nám í tónskóla Sigursveins D. Kristinssonar undir leiðsögn Sigurðar S. Þorbergssonar og lauk þaðan burtfararprófi árið 1995. Sama ár hóf hún framhaldsnám við Tónlistarháskólann í Gautaborg þar sem kennari hennar var Ingemar Roos, sóló-básúnuleikari í Sinfóníuhljómsveit Gautaborgar og meðal virtustu básúnukennara Evrópu. Ingibjörg útskrifaðist vorið 2000 eftir að hafa einnig lokið eins árs námi sem skiptinemi við Tónlistarháskólann í Kaupmannahöfn. Ingibjörg hefur komið fram sem einleikari við ýmis tækifæri, meðal annars með Sinfóníuhljómsveit Tónlistarháskólans í Gautaborg. Ingibjörg hefur haldið þrenna einleikstónleika hér á landi, í Salnum í Kópavogi haustið 1999 og í Listasafni Sigurjóns Ólafssonar og Reykjahlíðarkirkju í Mývatnssveit sumarið 2000. Ingibjörg býr og starfar sem básúnuleikari í Gautaborg.

Þorsteinn Gauti Sigurðsson hóf ungur píanónám og lauk einleikaraprófi frá Tónlistarskólanum í Reykjavík. Framhaldsnám stundaði hann við Juilliard School of Music í New York og í Róm á Ítalíu. Meðal kennara hans má nefna Sacha Goroditski, James Barbagallo, Guido Agosti og Joseph Bloch. Hann hefur komið víða fram á tónleikum svo sem í Bandaríkjunum, Kanada, Rússlandi, Norðurlöndunum og mörgum hinna Evrópulandanna. Einnig hefur hann komið fram sem einleikari með hljómsveitum á Norðurlöndum og oft með Sinfóníuhljómsveit Íslands. Hann hefur unnið með hljómsveitarstjórum á borð við Esa Pekka Salonen, Petri Sakari, Murry Sidlin, Sverre Bruland, Jean Pierre Jacquilliat, Pál P. Pálsson o.fl. Jafnframt hefur hann komið fram á Gala konsert í Hvíta Húsinu í Washington og leikið einleik í norræna spurningaþættinum Kontrapunkt. Þorsteinn Gauti hefur einnig tekið þátt í frumflutningi samtímatónlistar og hafa nokkur verk verið skrifuð sérstaklega fyrir hann. Árið 1984 sigraði hann í hinum samnorræna Biennal sem fulltrúi Íslands og árið 1993 sigraði hann í Tónvakanum, keppni Ríkisútvarpsins, sem haldin var fyrir einleikara og einsöngvara. Þorsteinn Gauti hefur hlotið starfslaun listamanna frá íslenska ríkinu og frá Reykjavíkurborg.

Efnisskrá

G. Ph. Telemann 1681-1767	Sónata í c-moll fyrir altbásúnu og píanó Andante Allegro Andante Vivace
Zygmund Stojowski 1869-1946	Fantaisie fyrir básúnu og píanó
Philippe Gaubert 1879-1941	Morceau symphonique fyrir básúnu og píanó
Paul Hindemith 1895-1963	Sónata fyrir básúnu og píanó Allegro moderato maestoso Allegretto grazioso Allegro pesante Allegro moderato maestoso